

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 148/2003**

**frá 7. nóvember 2003**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2003 frá 26. september 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB frá 11. apríl 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum 2,4-DB, beta-sýflútríni, sýflútríni, ípródíoni, línuroni, malínhýdrasíði og pendímetalíni <sup>(2)</sup>, skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/39/EB frá 15. maí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum própínebi og própýsamíði <sup>(3)</sup>, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32003 L 0031**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB frá 11. apríl 2003 (Stjtið. ESB L 101, 23.4.2003, bls. 3).
- **32003 L 0039**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/39/EB frá 15. maí 2003 (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 30).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2003/31/EB og 2003/39/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 22 og EES-viðbættir við Stjtið. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 101, 23.4.2003, bls. 3

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 30.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. nóvember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Prins Nikulás af Liechtenstein*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.